

## Áætlun um kostnað Vegagerðarinnar vegna verkefna við umsjón og eftirlit með fólks- og vöruflutningum

Áætlaður fjöldi bifreiða

6000

Áætlaður fjöldi leyfa:

Vöruflutningabifreiðar	50
Sendibifreiðar	500
Vörubifreiðar	350
Hópfreiðabifreiðar	300
<b>Samtals</b>	<b>1200</b>

Leyfi gefin út frá einu til fimm ára ---> um 300 leyfi pr. ár

Kostnaður:

1/2 starf skrifstofumanns	2.3
1/2 starf eftirlitsmanns	2.8
1/2 starf lögreglumanns	3
Akstur eftirlitsbifreiða	2.3
Námsskeiðskostnaður	0.3
Stjórnun, umsjón, húsnæði 5%	<u>0.6</u>
<b>Samtals</b>	<b><u>11.3</u></b>

	Fjöldi leyfa	Gjald pr.leyfi pr.ár	M.kr
Leyfi fyrir fólksflutningabifreiðar	300	10,000	3.0
Leyfi fyrir sendibifreiðar	500	3,000	1.5
Leyfi fyrir aðrar vöru- og efnisflutningabifr.	400	3,000	1.2
Sérleyfi og einkaleyfi	20	20000	0.4
Leyfi fyrir sérbúnar bifr.	50	4000	<u>0.2</u>
Árlegt gjald 1.000-200=800 pr. bifr.	6000 <i>bifreiðar</i>	800	<u>4.8</u>
<b>Samtals</b>			<b><u>11.1</u></b>

Alþingi  
 Erindi nr. P 127/364  
 komudagur S. 12. 2001

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.**

Tilgangur frumvarpsins er að hækka gjald fyrir almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga úr 3000 kr. fyrir hvert leyfi í 10.000 kr. fyrir hvert leyfi. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, og fjallar 13. gr. um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar sem ætlað er að standa straum af kostnaði sem hlýst af leyfisveitingunni. Við þá lagasetningu var gjald fyrir rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga ákveðið 3.000 kr. eins og gjald fyrir sendibifreiðar og vöru- og efnisflutningabifreiðar. Nú er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað til samræmis við raunkostnað. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar sem annast eftirlit og útgáfu rekstrarleyfanna er áætlað að hækkunin skili 2 m.kr. í meiri tekjur. Samtals er því gert ráð fyrir að tekjur af leyfisveitingum verði u.þ.b. 11 m.kr. á ári, og vega þær upp á móti kostnaði við veitingu leyfanna. Í frumvarpi til fjárlaga 2002 hefur verið gert ráð fyrir 9 m.kr. tekjum vegna veitingar leyfanna. Ekki verður séð að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.